

## Hverfisráð Háaleitis- og Bústaðahverfis

Ár 2015, mánudaginn 18. maí kl. 15:30, var haldinn 132. fundur hverfisráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39. Viðstödd voru: Dóra Magnúsdóttir, Hörður Oddfríðarson, Elín Oddný Sigurðardóttir og Sverrir Þór Sverrisson. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Valgerður Sólveig Pálsdóttir frá Íbúasamtökum Háaleitis, Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri félagsauðs- og frístunda á ÞLH og Baldur Örn Arnarson verkefnastjóri á ÞLH sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins undir fyrsta dagskrárlið var Auður Loftsdóttir frá Foreldrafélagi Háaleitisskóla.

### Petta gerðist:

1. Fram fer undirritun styrktarsamnings við fulltrúa Foreldrafélags Háaleitisskóla vegna Forvarnasjóðs Reykjavíkurborgar. Hverfisráð styrkir verkefnið Átak gegn kvíða um 536.000 krónur.  
Auður Loftsdóttir, fulltrúi Foreldrafélags Háaleitisskóla, tekur sæti á fundinum undir fyrsta dagskrárlið.

2. Fram fer umræða um afrakstur íbúafundar sem haldinn var í Breiðagerðisskóla þann 23. mars sl. Fundurinn var helgaður fyrirhuguðum framkvæmdum við gerð hljóðvarna við Miklubraut og Rauðagerði.  
Hverfisráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykkir eftirfarandi bókun:

Hverfisráðið óskar eftir upplýsingum um framtíðaráform varðandi Miklubraut með sérstakri áherslu á strætóreinar á kaflanum austan Kringlumýrarbrautar að Reykjanesbraut.

Framkvæmdastjóra er falið að koma bókuninni á framfæri við Ólaf Bjarnason, samgöngustjóra Reykjavíkurborgar.

3. Fram fer umræða um hádegisopnun í Félagsmiðstöðinni Hæðargarði.  
Þann 13. apríl 2015 sendi framkvæmdastjóri ÞLH Björk Vilhelmsdóttur, formanni Velferðarráðs, bréf þar sem óskað var eftir því að Velferðarráð skoði möguleikann á að hætta við sumarlokun hjá mötuneyti félagsmiðstöðvarinnar og hugsanlega samþætta afgreiðslu á mat í hádeginu við starfið í frístundaheimilinu Sólbúum.  
Hverfisráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykkir eftirfarandi bókun:

Hverfisráðinu þykir miður að útlit sé fyrir að íbúar Hæðargarðs geti ekki notið sambærilegrar þjónustu í mötuneyti félagsmiðstöðvarinnar í júlí eins og aðra mánuði ársins. Hverfisráðið hvetur borgarráð og velferðarráð til þess að leita allra mögulegra leiða svo að af opnunni geti orðið.

Framkvæmdastjóra er falið að koma bókuninni á framfæri við borgar- og velferðarráð og leita allra leiða til þess að af opnuninni geti orðið.

4. Fram fer kynning á Menningarstefnu Reykjavíkurborgar og aðgerðaáætlun henni til stuðnings.  
- Klukkan 16:30 tekur Elinóra Sigurðardóttir sæti á fundinum.

### Fundi slitið kl. 16:50

Dóra Magnúsdóttir (Sign)

Hörður Oddfríðarson (Sign)  
Sverrir Þór Sverrisson (Sign)

Elín Oddný Sigurðardóttir (Sign)  
Elinóra Sigurðardóttir (Sign)